

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. febrúar 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppskiptingu rekstrareininga Orkuveitu Reykjavíkur

Borgarstjórn samþykkir að ljúka uppskiptingu rekstrareininga Orkuveitu Reykjavíkur þannig að eignarhaldsfélagið verði lagt niður og dótturfélög verði að sjálfstæðum félögum. Stoðstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur verði færð inn í viðeigandi dótturfélag. Þannig verði Veitur, ON og Gagnaveitan að sjálfstæðum einingum með auknu gagnsæi og skýrari ábyrgð þar sem samkeppnis- og einokunarrekstur verði aðskilinn. Lagt er til að þessi stefnumótandi ákvörðun verði rædd á eigendafundi þar sem farið verði yfir útfærslu og tímaáætlun breytinganna.

Greinargerð

Í raforkutilskipunum Evrópusambandsins (2003/54/EB og 2009/72/EB), sem innleiddar hafa verið með raforkulögum nr. 65/2003, er gerð krafa um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja, með fyrirtækjaaðskilnaði. Orkuveitan fékk upphaflega frest til að skipta félaginu en uppskiptingin átti sér ekki stað fyrr en 1. janúar 2014. Þá var OR skipt upp í samstæðu sem samanstendur af móðurfélagi og þremur dótturfélögum. Þá var sameignarsamningur OR endurnýjaður ásamt eigendastefnu, og stjórnarhættir fyrirtækisins endurskoðaðir.

Fjölmarginir hafa gert athugasemdir við það fyrirkomulag að halda OR áfram sem eignarhaldsfélagi en innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur bent á skörun við skipan stjórnna í stjórnsýsluúttekt sem gerð var árið 2008. Sömu áherslur er að finna í skýrslu úttektarnefndar OR sem gefin var út í október 2012. Þá var gerð úttekt um Orkuveitusamstæðuna í nóvember 2018 þar sem innri endurskoðun bendir á galla í núverandi fyrirkomulagi dótturfélaga, en þar segir meðal annars: „Fyrirkomulag um skipan stjórnna dótturfyrirtækja OR samræmist ekki leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem þær eru allar þrjár skipaðar að meirihluta aðilum sem geta ekki verið óháðir þegar litið er til skilgreiningar leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar starfsmenn aðila sem hafa yfirráð yfir félaginu.“

Samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur er félaginu heimilt að eiga dótturfélög og eiga hlut í félögum. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar er sérstaklega tekið fram að aðgreining starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur frá starfsemi dótturfélaga skuli vera í samræmi við ákvæði laga hverju sinni. Við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Fullur aðskilnaður næst best með því að rekstrareiningarnar séu sjálfstæðar. Eignarhald borgarinnar og annara sveitarfélaga verður þá beint í rekstarfélögunum og mun það auka gagnsæi og einfalda skipurit. Sem dæmi má nefna að Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvær rekstrareiningar og er fullur aðskilnaður tryggður þar sem ekki var áfram starfrækt sérstakt eignarhaldsfélag. Margt bendir til þess að besta leiðin til að tryggja aðskilnað og gagnsæi sé að dótturfélög OR verði sjálfstæð og ekki verði eignarhaldslegt millilag eins og tíðkast hefur frá árinu 2014. Nú sjö árum síðar hefur reynslan sýnt galla á núverandi fyrirkomulagi og því rétt að endurskoða það.